

Fundargerð 46. fundar skráningarráðs Gegnis miðvikudaginn 13. maí 2009
haldinn hjá Landskerfi bókasafna, Borgartúni 37, kl. 9:00-11:30

Fundarmenn: Hulda Ásgrímsdóttir, Jóhanna Diðriksdóttir, Ragna Steinarsdóttir (fundaritari) og Þóra Sigurbjörnsdóttir (formaður). Auk þeirra sátu fundinn Hildur Gunnlaugsdóttir, gæðastjóri Gegnis og Sigrún Hauksdóttir, sérfræðingur hjá Landskerfi bókasafna.

1. **Fundargerð 45. fundar.** Rætt var um efnisorð á erlendar bókmenntir, einkum Enska bókmenntir / Breska bókmenntir og þá umræðu sem skapaðist á Vöndupóstlistanum í kjölfar samþykktu skráningar- og efnisorðaráðs. Sigrún tekur að sér að lesa Vöndubrúfin og athugar hvort eitthvað sé óljóst í þeim. Ef þörf er á mun Þóra í framhaldinu senda út stutta, hnitmiðaða skýringu til að hnykkja á málinu. Fundargerð 45. fundar var samþykkt.
2. **Fræðslufundur skrásetjara** var haldinn 21. apríl s.l. Rúmlega 60 manns sóttu fundinn og tókst hann vel. Fyrir fundinn komu nokkrar óskir um að fjarfundir yrðu teknar upp. Að þessu sinni tókst ekki að verða við þeirri ósk, en skráningarráð mun skoða leiðir til þess að koma fjarfundum á koppinn fyrir næsta fund í haust. Vefupptökur eru misjafnar að gæðum og ef ásættanleg gæði eiga að fást mun það óhjákvæmilega hafa í för með sér aukinn kostnað vegna tækjabúnaðar og leigu á sal.
3. **Undanþágubeiðni vegna skráningarheimildar** fyrir einn aðila var samþykkt.
4. **Rússnesk nöfn.** Skráningarráð veltir fyrir sér hvort halda eigi íslenskum umritunarreglum fyrir rússnesk nöfn eða taka upp nafnmyndir frá Library of Congress sem allir hafa aðgang að. Í dag eru íslenskar umritunarreglur notaðar á Landsbókasafni-Háskólabókasafni. Megnið af nýjum nafnmyndum kemur í sóttum færslum og eru þær oft látnar standa óhreyfðar skv. erlendum (einkum engilsaxneskum) umritunarreglum því skrásetjarar vítt og breitt um landið búa fæstir yfir þekkingu á íslensku umritunarreglunum. Tilgangurinn með umrituninni hefur ekki sannað gildi sitt því notendur virðast ekki finna nöfn sem umrituð eru skv. íslenskum reglum. Þess vegna eru tilvísanir nauðsynlegar. Hins vegar hefur Lbs-Hbs ekki haft bolmagn til að sinna um gerð tilvísana sem skyldi. Ákveðið var að leita álits hjá nokkrum hagsmunaaðilum, s.s. stjórn Aleflis (Hildur og Ragna), tónlistarhópi Gegnis (Þóra) og landsbókaverði vegna kostnaðar við viðhald nafnmyndaskrár sem einkum lendir á Landsbókasafni (Hildur og Ragna).
5. **Vinnuhópur um tónlist** hittist 14. maí og er langt kominn að störfum. Hópar um skráningu og varðveislu á rafrænu efni gerðu góða grein fyrir sínum störfum á notendaráðstefnu Aleflis 8. maí.
6. **RDA fundur í Montreal.** Hildur og Ragna kanna hvort aðstaða sé fyrir hendi í fyrirlestrasal Þjóðarbókhöðu til að horfa á vefsíðunvarp frá Montrealfundinum. Ef

aðstæður leyfa mun skráningarráð hittast og horfa saman á fundinn miðvikudaginn 10. júní kl. 9.

7. **Önnur mál.**

- a) Hildur: Fara þarf í gegnum skjöl og samþykktir skráningarráðs, endurskoða og uppfæra. Það verður skoðað með haustinu.
- b) Hulda: Efnisorðið Matreiðslubækur verði tekið út. Matreiðsla og Mataruppskriftir duga. Ragna ræðir í efnisorðaráði.
- c) Fram komu ábendingar um að endurskipuleggja þurfi leitarnámskeið í Gegni fyrir starfsfólk bókasafna.
- d) Rætt var um fund Aleflis, 8. maí og hlutverk félagsins.

Næsti fundur var ákveðinn miðvikudaginn 10. júní kl. 9.